

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Bláskógabyggð.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulagsbreyting, Apavatn 2, lóð, L167670, byggingarskilmálar.

Um er að ræða tillögu að deiliskipulagi sem tekur til lóðar Apavatns 2, lóð úr landi Lækjarhvamms. Í tillögunni felst heimild til viðbyggingar við núverandi sumarhús innan lóðarinnar auk 40 fm gestahúss og 15 fm geymslu innan nýtingarhlutfalls 0,03. Núverandi hús er í 16 metra fjarlægð frá árbakka, gert er ráð fyrir að viðbygging fari ekki nær árbakka en núverandi hús. Fyrir liggur undanþága innviðaráðuneytis vegna fjarlægðar frá ám og vötnum. Samþykkt í sveitarstjórn 19. júní 2024.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 19. september 2024.

Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs.,

Vigfús Þór Hróbjartsson.

B-deild – Útgáfudagur: 3. október 2024